

**VIÐAUKI
VIÐ ÚRSKURÐ
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 4/2022

Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði



8. maí 2025

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 8. maí 2025 er tekið fyrir endurupptekið mál nr. 4/2022, Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Víðir Smári Petersen.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmennt.)

Eignarhaldsfélagið Hamar ehf. vegna Hamars í Hamarsfirði.

Þórunnborg Jónsdóttir og Steinunn Jónsdóttir vegna Bragðavalla I og II í Hamarsfirði.

Múlaþing vegna Markúsarsels og Tunguhlíðar í Álftafirði.

Kristín Friðriksdóttir vegna Flugustaða í Álftafirði.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Þiðrandi ehf. vegna Hofs í Álftafirði.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Heiðarlax ehf. vegna Geithellna 1 og 2, Virkishólasels, Kambels og Múla 3 í Álftafirði.

Stefán Gunnarsson og Hrafnhildur Kristjánsdóttir vegna Blábjarga í Álftafirði.

Þeba Björt Karlsdóttir og Ragnhildur B. Traustadóttir vegna Múla 1 í Álftafirði.

Þeba Björt Karlsdóttir vegna Múla 1A í Álftafirði.

Dagný Rögnvaldsdóttir og Heiðarlax ehf. vegna Múla 2 í Álftafirði.

(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður.)

2 MÁL NR. 4/2022 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 4/2022, Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði, var kveðinn upp 5. nóvember 2024. Þar var úrskurðað um kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um greiðslu málskostnaðar skv. 17. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar var þó einungis úrskurðað um hluta af málskostnaðinum. Ákvörðun um málskostnað að öðru leyti var frestað og boðað að málið yrði endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stæði, sbr. kafla 7.5 í úrskurðinum og viðauka II við hann.

Vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar á árinu 2025 og vegna óvissu um fjárveitingu til að standa straum af þeim málskostnaði sem eftir stóð í málinu hefur endurupptaka málsins í þessu skyni dregist.

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu, til viðbótar við málskostnað sem þegar hefur verið úrskurðaður. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagnunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til. Þá hefur verið tekið tillit til þess dráttar sem orðið hefur á úrskurði um eftirstöðvar málskostnaðar frá því að efnisúrskurður í málinu var kveðinn upp. Í samræmi við framangreint er gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður sem hér segir.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra, til viðbótar við málskostnað sem þegar hefur verið úrskurðaður, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

- Eignarhaldsfélagið Hamar ehf. vegna Hamars: 1.000.000 kr.
- Þórunnborg Jónsdóttir og Steinunn Jónsdóttir vegna Bragðavalla I og II: 800.000 kr.
- Múlaþing vegna Markúsarsels og Tunguhlíðar: 800.000 kr.
- Kristín Friðriksdóttir vegna Flugustaða: 800.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Þiðrandi ehf. vegna Hofs: 1.000.000 kr.

Vegna Sigurðar Arnar Hilmarssonar lögmanns:

- Heiðarlax ehf. vegna Geithellna 1 og 2, Virkishólasels, Kambels og Múla 3; Stefán Gunnarsson og Hrafnhildur Kristjánsdóttir vegna Blábjarga; Þeba Björt Karlsdóttir og Ragnhildur B. Traustadóttir vegna Múla 1; Þeba Björt Karlsdóttir vegna Múla 1A; og Dagný Rögnvaldsdóttir og Heiðarlax ehf. vegna Múla 2: 1.900.000 kr.

Hulda Árnadóttir

Þorsteinn Magnússon

Víðir Smári Petersen